

ERINDISBRÉF FYRIR

ÖLDUNGARRÁÐ GARÐABÆJAR

Ábyrgðaraðili

Bæjarstjórn Garðabæjar

Markmið og forsendur

Öldungarráð er skipað samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 sem og 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Öldungarráð skal starfa sem formlegur samráðsvettvangur, þar sem fjallað er um þjónustu við eldri borgara og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráði ber að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð eldri borgara í Garðabæ og gera tillögur til sveitarstjórnar um þjónustu þeim til handa.

Hlutverk og helstu verkefni

- Að vera bæjarstjórn og ráðum Garðabæjar til ráðgjafar í málefnum eldri borgara.
- Að fylgjast með stefnumótun og þróun hugmyndafræði er varðar þjónustu við eldri borgara og gera tillögur að breytingum á þjónustu sveitarfélagsins.
- Að hafa samráð við þjónustuþega, hagsmunaaðila og íbúa í sveitarfélaginu um málefni eldri borgara.

Skipan samráðshóps

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar, hinn 17. janúar sl. Var samþykkt að skipa ~~sjö~~ fulltrúa í öldungaráð. Félag eldri borgara í Garðabæ tilnefnir tvo fulltrúa, Félag eldri borgara á Álftanesi tilnefnir einn fulltrúa og Heilsugæslan í Garðabæ tilnefnir einn fulltrúa.

Fulltrúar í Öldungaráði

- Almar Guðmundsson, kjörinn af bæjarstjórn
- Bergljót Sigurbjörnsdóttir, kjörin af bæjarstjórn
- Anna Guðrún Hugadóttir, kjörin af bæjarstjórn
- Stefanía Magnúsdóttir, tilnefnd af Félagi eldri borgara í Garðabæ
- Ástbjörn Egilsson, tilnefndur af Félagi eldri borgara í Garðabæ
- Ólafur Proppé, tilnefndur af Félagi eldri borgara á Álftanesi

Guðlín Jóna Ómarsdóttir, tilnefnd af Heilsugæslunni í Garðabæ

Verklag

Öldungaráð skal að jafnaði funda þrisvar sinnum á ári og oftari ef þörf krefur. Á fundum öldungaráðs skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Um fundarsköp á fundum öldungaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Garðabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ráð og nefndir Garðabæjar skulu leita umsagnar öldungaráðs um mál sem varða sérstaklega hagsmunum aldraðra íbúa í sveitarfélaginu.

Öldungaráð getur einnig tekið upp mál að eigin frumkvæði og sent ályktanir eða erindi til viðkomandi ráðs eða nefndar. Öldungaráð getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem það telur nauðsynlegt hverju sinni. Áður en lagt er út í kostnað við kaup á þjónustu sérfræðings skal kostnaðarmat lagt fyrir bærarstjóra til samþykktar.

Fulltrúar í öldungaráði fá greidda þóknun fyrir fundarsetu samkvæmt samþykkt bærarstjórnar um laun fyrir störf í bærarstjórn Garðabæjar, nefndum og ráðum á vegum bærarstjórnar. Fundargerðir skulu lagðar fram í bærarstjórn og fjölskylduráði.

Starfsmaður

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða starfsmaður tilnefndur af honum situr fundi öldungaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður sér um fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála.

Starfstími

Starfstími öldungaráðs er hið sama kjörtímabil bærarstjórnar.

Samþykkt í bærarstjórn þann xxx.

Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari